

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1598
komudagur 26.2.2008



Samband íslenskra sveitarfélaga
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 12. desember 2007
Tilv.: UMHO6090031/0012

Í framhaldi af fundi ráðuneytisins með framkvæmdastjóra og sviðstjóra lögræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 30. október. sl. var ákveðið að endurskoða fyrri umsögn ráðuneytisins frá 22. janúar sl. um kostnaðarmat vegna frumvarps til skipulagslaga. Breyting sem gerð hefur verið frá fyrri umsögn varðar hækkun á kostnaði vegna þátttöku Sambands íslenskra sveitarfélaga við gerð draga að landsskipulagsáætlun. Umsögn ráðuneytisins er því eftirfarandi:

Vísað er í bréf ráðuneytisins dags. 19. september 2006 varðandi kostnaðarmat á frumvarpi til skipulagslaga og umsögn yðar dags. 23. október 2006 vegna frumvarpsins. Umsögn yðar var send til Skipulagsstofnunar til umsagnar og fylgir ljósrit af umsögn Skipulagsstofnunar. Jafnframt er vísað til ofangreinds fundar frá 30. október sl.

Ráðuneytið telur að Skipulagsstofnun hafi forsendur til að meta hvaða kostnaðaráhrif frumvarpið hefur á sveitarfélögin og að álit hennar gefi raunsanna mynd af kostnaðaráhrifunum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er áætlaður aukinn kostnaður á ári verði um 10,5 m.kr. vegna skipulagslýsingar aðalskipulags og 5 m.kr. vegna skipulagslýsingar deiliskipulags skipt niður á 79 sveitafélög og gerir ráðuneytið ekki athugasemdir við þá niðurstöðu. Auk þess má áætla árlegan kostnað vegna þátttöku Sambands íslenskra sveitarfélaga í samráði við gerð draga um landsskipulagsáætlun 1 m.kr.

Fyrir hönd ráðherra


Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir


Sigríður Auður Arnardóttir



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

UMH	06090031
Mótt.	3. JAN. 2008
Brl.	0012
Áb.	

Reykjavík 19. desember 2007

0610313SA/GB
Tilv.: 180

Efni: Umsögn um mat á kostnaðaráhrifum frumvarps til skipulagslaga

Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 12. desember sl. þar sem gerð er grein fyrir mati á kostnaðaráhrifum frumvarps til skipulagslaga. Niðurstaða ráðuneytisins og Skipulagsstofnunar er að árlegur aukinn kostnaður sveitarfélaga verði um 15,4 milljónir króna og að auki megi gera ráð fyrir að árlegur aukinn kostnaður Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna samráðs um gerð landsskipulagsáætlunar verði um 1 milljón króna.

Sambandið gerir ekki athugasemd við niðurstöðu kostnaðarmatsins. Sambandið mælist hins vegar eindregið til þess að umhverfisráðuneytið gæti að samræmi við önnur ráðuneyti varðandi form og birtingu kostnaðarmats. Skal bent á að menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti hafa tekið upp þann hátt að birta kostnaðarmatsumsögn sem sérstakt fylgiskjal með frumvörpum þegar við á. Með því móti er tryggt að kostnaðarmatsumsögn verði aðgengileg alþingismönnum og öðrum sem fjalla þurfa um stjórnarfrumvörp.

Þess er vænst að ráðuneytið taki vel í ofangreinda málaleitan.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri